

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hólmfríður Þóroddsdóttir
óbó

Darren Stonham
fagott

Sólveig Anna Jónsdóttir
píanó

Hólmfríður Þóroddsdóttir er Akureyringur og byrjaði sitt tónlistarnám þar sjö ára, á píanó. Seinna tók óbóið yfirhöndina. Eftir einleikarpróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, þar sem kennari hennar var Kristján Þ. Stephensen, stundaði hún nám í London. Hólmfríður starfar nú í Sinfóníuhljómsveit Íslands, en kemur einnig fram utan hennar. Hún lék t.d. einleik á nýútkominni geislaflötu Kammersveitar Reykjavíkur „Jólatónleikar“.

Darren Stonham er Englendingur, uppalinn í London. Hann lærði fyrst á píanó og málmblásturshljóðfæri, en byrjaði að læra á fagott ellefu ára. Eftir lokapróf frá Guildhall School of Music and Drama í London flutti hann til Íslands og starfar nú sem hljóðfærakennari í Reykjavík. Hann tekur einnig þátt í tónlistarlífi hérlandis, t.d. með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Sólveig Anna Jónsdóttir er Akureyringur og hefur stundað píanónám frá átta ára aldri á Ísafirði, Akureyri, Reykjavík og í Bandaríkjunum. Helstu kennarar hennar voru Ragnar H. Ragnar, Philip Jenkins, Halldór Haraldsson, Nancy Weems og nú síðast Anna Málfríður Sigurðardóttir. Sólveig starfar sem kennari og píanóleikari í Reykjavík og Garðabæ.

Samstarf þremmenninganna Hólmfríðar, Darrens og Sólveigar hófst fyrir ári síðan og hafa þau haldið tónleika á Norðurlandi, Garðabæ og nú síðast á Tónlistarhátíð í Færeyjum í sumar.

Efnisskrá

- | | |
|--|---|
| Georg Philipp Telemann Sónata í h-moll fyrir óbó og (1681 - 1767) | basso continuo Siciliana Allegro Dolce Grave - Vivace Presto |
| Georg Philipp Telemann Sónata í f-moll fyrir fagott og píanó | Andante Cantabile Allegro Andante Vivace |
| Niels Viggo Bentzon (f. 1919) | Tvö verk fyrir óbó og píanó op. 41 Molto moderato Allegro |
| Ferdinand David (1810 - 1873) | Concertino í B-dúr op 12 fyrir fagott og píanó |
| Francis Poulenc (1899 - 1963) | Trío fyrir píanó, óbó og fagott Presto Andante Rondo |